

Haldið er dómþing áfrýjunardómstóls Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 30. nóvember 2022.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2022-2023

**Körfuknattleiksdeild Tindastóls**  
gegn

**Körfuknattleiksdeild Hauka**

Í málinu er kveðinn upp svofelldur:

### **DÓMUR**

Mál þetta var mótttekið af áfrýjunardómstól KKÍ þann 22. nóvember 2022. Áfrýjað er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í kærumáli nr. 1/2022-2023 frá 15. nóvember 2022.

Áfrýjandi er Körfuknattleiksdeild Tindastóls.

Kærði er Körfuknattleiksdeild Hauka.

### **Kröfugerð**

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunardómstóllinn felli úr gildi niðurstöðu úrskurðar- og aganefndar í máli nr. 1/2022-2023 þannig að kröfum varnaraðila, Körfuknattleiksdeildar Hauka, verði hafnað og áfrýjandi, Körfuknattleiksdeild Tindastóls, verði þannig sýknaður af kröfum varnaraðila.

Kærði krefst þess að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 1/2022-2023 verði staðfestur.

### **Málsástæður áfrýjandi**

Áfrýjandi tekur fram að hann og varnaraðili hafi att kappi 17. október sl. í bikarleik þar sem úrslit urðu þau að áfrýjandi vann með 17 stiga mun. Þá segir hann að í kjölfar þess hafi varnaraðili gripið til þess ráðs að kæra áfrýjanda og gert þá kröfu að úrslitum yrði breytt úr 17 stiga tapi í 20 stiga sigur. Þessa kröfu leyfði varnaraðili sér að setja fram hafandi fullkomna vissu um að atvikin sem kæran laut að voru mistök sem ítrekað var reynt að leiðrétta í leik og voru ekki aðeins gerð af hálfu sóknaraðila, heldur einnig dómara leiksins eða annarra starfsmanna. Enn fremur segir í áfrýjunarskjali að varnaraðili hafi haft vissu um að þessi atvik hafi ekki haft nein áhrif á framgang leiksins eða úrslit. Þá segir áfrýjandi að aga- og úrskurðarnefnd hafi fallist á þessa óíþróttamannslegu kröfu varnaraðila með úrskurði þann 15. nóvember 2022.

Áfrýjandi segir að það komi afar spánskt fyrir sjónir að formaður varnaraðila hafi haft kröfu uppi um að úrslitum yrði breytt og fengið þá ósk sína uppfyllta, en hafi nú, þegar úrskurðurinn liggur fyrir, vísað til þess að hann telji viðurlög of ströng og vilji þess í stað að

leikurinn verði leikinn á nýjan leik. Þannig telur áfrýjandi að varnaraðili hafi líklega fengið samviskubit yfir þeirri aðför að íþróttinni sem í kærinni fólst, en með henni hafi þess verið freistað að færa sér í nyt mistök á afar óíþróttamannslegan hátt.

Í upphafi áfrýjunarskjals ítrekar áfrýjandi þær málsástæður sem hann rekur í greinargerð til aga- og úrskurðarnefndar og vísast einkum til þeirrar ítarlegu umfjöllunar varðandimálsástæður.

Áfrýjandi telur að mál þetta lúti að túlkun á ákvæðum 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót. Nánar tiltekið hvort fjórir erlendir leikmenn áfrýjanda teljist hafa verið „á leikvelli“ á sama tíma í skilningi ofangreindrar 15. gr. reglugerðarinnar.

Þá segir í áfrýjunarskjali að í hinum kærða úrskurði komist aga- og úrskurðarnefnd KKÍ að þeirri niðurstöðu að umræddir leikmenn áfrýjanda hafi verið „á leikvelli“ á sama tíma og því skuli áfrýjandi sæta viðurlögum samkvæmt 8. gr. sömu reglugerðar.

Jafnframt segir áfrýjandi að í niðurstöðum hins kærða úrskurðar sé þó fallist á það með áfrýjanda að umrætt atvik hafi engin áhrif haft á leikinn. Verði ekki betur séð af hálfu áfrýjandi en að aga- og úrskurðarnefnd sé þar með í raun að afsaka niðurstöðu sína, enda sé þeim jafnljóst og öllum öðrum að niðurstaða málsins sé í engu samræmi við atvik þess. Að mati áfrýjanda bendir þetta eindregið til þess að túlkun aga- og úrskurðarnefndar á 15. gr. reglugerðarinnar sé röng, enda virðist öllum vera ljóst að niðurstaðan sé ekki í samræmi við tilgang reglunnar. Hefur þeim sjónarmiðum m.a. verið haldið á lofti í opinberri umfjöllun af hálfu varnaraðila í kjölfar hins kærða úrskurðar.

Að mati áfrýjanda byggir niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar fyrst og fremst á því að túlka beri ákvæðið á grundvelli annarra ákvæða í reglugerðinni og reglum FIBA um það hvenær bolti telst vera í leik, en án tillits til aðstæðna og málsatvika. Slík aðferðarfræði við túlkun lagaákvæða er þekkt að mati áfrýjanda og væri e.t.v. ágæt ef ekki væri fyrir þá staðreynd að hún leiðir til niðurstöðu sem er bersýnilega ósanngjörn þegar horft til þeirra málsatvika sem uppi eru í málinu, samræmist ekki tilgangi reglunnar og myndi að öðru óbreyttu leiða til þess að breyta þurfi reglunni, eins og varnaraðili virðist raunar sjálfur hafa farið fram á við stjórn KKÍ.

Að mati áfrýjanda væri vænlegri kostur að beita öðrum lögskýringarsjónarmiðum við túlkun ákvæðisins þannig að það leiði til eðlilegrar niðurstöðu miðað við aðstæður og tilgang ákvæðisins. Þannig sé ekki sjálfgefið að mati áfrýjandi að líta þurfi til reglna um það hvenær bolti teljist vera í leik í skilningi annarra ákvæða reglugerðarinnar og reglna FIBA til þess að skera úr um það hvort hinir erlendu leikmenn hafi verið „á leikvelli“ í skilningi 15. gr.

Í áfrýjunarskjali segir jafnframt að eins og máli þessu sé háttað og hin umdeilda 15. gr. reglugerðarinnar ber með sér, verði merking ákvæðisins ekki ákvörðuð með því eingöngu að lesa ákvæðið. Það sé m.ö.o. óumdeilt að beita verði viðurkenndum aðferðum lögfræðinnar við að túlka ákvæðið nánar til þess að afmarka merkingu þess.

Að mati áfrýjanda þykir rétt að horfa til samhengis ákvæðisins og tilgangs þess að ákvæðið var samþykkt. Eins og áður hefur komið fram af hálfu áfrýjanda er ákvæðinu fyrst og fremst

ætlað að tryggja leiktíma innlendra/uppalinna leikmanna og gæta þess að ráðning félagsliða á erlendum leikmönnum verði frekar til þess að auka gæði í íslenskum körfubolta en ekki til þess að takmarka möguleika á framgangi innlendra/uppalinna leikmanna.

Markmið hins umdeilda ákvæðis 15. gr. og tilgangur ákvæðisins virðist því vera tiltölulega einfaldur og auðskiljanlegur að mati áfrýjanda. Telur hann þetta raunar vera óumdeilt í málinu.

Í stað þess að beita þeirri aðferðarfræði sem aga- og úrskurðarnefnd beitir í málinu og hefur leitt til niðurstöðu sem sé í engu samræmi við markmið ákvæðisins, telur áfrýjandi skynsamlegra að beita markmiðsskýringu við túlkun reglunnar. Hún sé þannig túlkuð með þeim hætti að hún nái markmiði sínu án þess að leiða til bersýnilega rangrar niðurstöðu eins og gert er í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Eins og fram hefur komið í málinu á fyrri stigum lítur áfrýjandi svo að til þess að leikmenn teljist vera „á velli“ í skilningi 15. gr. þurfi leikklukka leiksins að hafa gengið. Um þetta sjónarmið vísast nánar til umfjöllunar í greinargerð áfrýjanda til aga- og úrskurðarnefndar, enda sé það beinlínis í samræmi við markmið og tilgang reglunnar.

Áfrýjandi leggur áherslu á að aga- og úrskurðarnefnd hafi láðst að veita því vægi sem mestu máli skipti, en það sé tilgangur hinnar svokölluðu 3+2 reglu í 15. gr. reglugerðarinnar, sem sé að tryggja að ákveðið margar leikmínútur falli íslenskum leikmönnum í skaut. Óumdeilt sé að atvik máls bitnuðu ekki með neinum hætti á þessum verndarhagsmunum því leikklukka hafi ekki gengið eftir hina umdeildu skiptingu.

Í niðurstöðum aga- og úrskurðarnefndar er eins og áður segir fallist á það sjónarmið áfrýjanda að hið meinta brot hafi í engu haft áhrif á leikinn. Aga- og úrskurðarnefnd segir því næst að það sé hins vegar „tilviljunum háð að svo hafi farið í þessu tilviki“ og skautar þannig fram hjá aðalatriði málsins að mati áfrýjanda, sem sé einmitt sú staðreynd að hið meinta brot hafi í raun engin áhrif haft á leikinn.

Að mati áfrýjanda er þetta meginástæða þess að túlkun aga- og úrskurðarnefndar á orðalagi 15. gr. hafi leitt til niðurstöðu sem gangi beinlínis gegn markmiðum og tilgangi reglunnar. Með því hins vegar að fallast á túlkun áfrýjanda á hinu umdeilda orðalagi 15. gr. reglugerðarinnar sé markmiðum reglunnar hins vegar náð að fullu.

Sérstaklega er bent á að af hálfu áfrýjanda að áður en leikmaður varnaraðila nr. 5 fékk boltann í hendur til að taka síðara víti sitt, hafi áfrýjandi óskað eftir skiptingu. Það megi í senn ráða af útsendingu að mati áfrýjanda, en einnig með munnlegri sönnunarfærslu, sem aga- og úrskurðarnefnd hafi hins vegar hafnað. Hefði ritaraborð brugðist nógu skjótt við og náð að koma óskum um skiptingu á framfæri í tíma væri að mati áfrýjanda enginn ágreiningur. Áfrýjandi telur ótækt að þeim ákvæðum sem á reynir sé beitt með þeim hætti sem aga- og úrskurðarnefnd kemst að niðurstöðu um, heldur verði að fallast á röksemdir í greinargerð sem þeirri nefnd var látin í té og til er vísað í málskoti þessu.

Til viðbótar við það sem byggt er á í greinargerð til aga- og úrskurðarnefndarinnar bendir áfrýjandi enn fremur á ákvæði í leikreglum FIBA, nánar tiltekið í 4. grein þeirra. Vert sé að

hugleiða að skilgreining á hugtakinu „team member“ og „interval“ geti leitt til þess að 15. grein reglugerðarinnar sé sýknt og heilagt brotin líkt og úrskurðarnefndin kýs að túlka hana með tilvísun til 2. mgr. greinar 10.2 í leikreglum FIBA. Skynsemisrök hnígi öll að því að slík niðurstaða sé ekki tæk, þó hægt sé að komast að slíkri niðurstöðu.

Þá bendir áfrýjandi einnig á að líta verði til greina 36.1.4 og 36.1.5 í leikreglum FIBA þegar haft er í huga að mistök hafi átt sér stað í hinum umdeilda leik sem leiðrétt hafi verið samstundis og án þess að hafa áhrif á leikinn eða úrslit hans.

Áfrýjandi leggur áherslu á að í 1. grein leikreglna körfuknattleiks frá FIBA segi um leikinn sjálfan: „The aim of each team is to score in the opponents' basket and to prevent the other team from scoring“. Þeir fjórir leikmenn sem um ræðir hafi aldrei verið „á leikvelli“ á sama tíma til að framkvæma þetta grundvallarmarkmið leiksins. Slíkt sé einungis hægt að gera á meðan leikklukkan gangi.

Loks vísar áfrýjandi til þeirra grundvallarskyldna sem hvíla á þeim stofnunum sem fara með ákvörðunarvald í ágreiningsmálum innan íþróttahreyfingarinnar, þ.e. að þær stofnanir gæti að meginreglum laga, skráðum og óskráðum, við úrlausn mála. Þetta eigi ekki síst við í því máli sem hér er til umfjöllunar, en að mati áfrýjanda ber einkum að byggja á því við úrlausn mála að meðalhófs sé gætt eftir því sem við á við túlkun og beitingu þeirra reglna sem sambandið hefur sett sér. Sé mikilvægi þess að gætt sé að slíkum grundvallarsjónarmiðum í þeim tilvikum þar sem fjársektir eða önnur refsing liggja við broti, enda kveði reglur sambandsins á um að ágreiningur verði ekki borinn undir almenna dómstóla. Að mati áfrýjanda brjóti hinn kærði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar gegn þessum grundvallarreglum.

Áfrýjandi mælist til þess, líkt og aga- og úrskurðarnefnd gerði, að leitað verði álits frá fremstu sérfræðingum í stétt körfuknattleiksdómara varðandi þau túlkunaratriði sem snúa að leikreglum FIBA og vísað er til af hálfu áfrýjanda. Sé eðlilegt að sá hinn sami uppfylli skilyrði um að vera alþjóðlegur dómaraleiðbeinandi að mati áfrýjanda.

Tilvísun aga- og úrskurðarnefndar til þess að tilviljun ein hafi ráðið því að leikmaður Hauka hafi hitt úr seinna víti sínu sé einnig umhugsunarverð að mati áfrýjanda og stríði gegn anda leiksins og reglum hans að túlka það áfrýjanda í óhag. Körfuboltaleikur sé fullur af tilviljunum, sumt sé strategísk fyrirmæli sem beri tilviljanakenndan árangur. Sú tilviljun að leikmaður Hauka hafi hitt úr fyrra vítaskotinu hafi verið óheppileg fyrir áfrýjanda því málsatvik eru óumdeild um að ritaraborð flautaði þegar leikmaðurinn var kominn með boltann í fyrra skotið. Dómarar hafi talið að um mistakaflaut hafi verið að ræða og því leyft leikmanninum að framkvæma fyrra skotið og hann skorað. Hefði hann ekki skorað hefði hann fengið nýtt víti en þá hefðu dómarnir að öllum líkindum leyft skiptinguna. Er því ítrekuð krafa áfrýjanda um að dómstóllinn kalli til ofangreindan sérfræðing eða aðaldómara leiksins til að gefa munnlega eða skriflega umsögn um atvikið og þýðingu þess.

Líkt og fjallað sé um hér að framan hafi formaður varnaraðila tjáð sig opinberlega um afstöðu varnaraðila til viðurlagaákvæðis reglugerðarinnar þannig að málið verði ekki öðruvísi skilið en að varnaraðili óski þess ekki að niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar standi. Áfrýjandi skori á varnaraðila standa við þau orð og taka undir kröfu áfrýjanda í málinu. Þannig muni hann

leggja lóð sín á vogarskálar réttlætis, sanngirni og íþróttamennsku og endurreisa um leið eigið orðspor þannig að hafið verði yfir vafa að ummæli formanns varnaraðila séu ekki annað en orðin tóm.

### Málsástæður kærða

Varnaraðili mótmælir rökstuðningi áfrýjanda í heild sinni og telur að engin röksemda áfrýjanda geti leitt til þess að fallist verði á kröfur hans. Þá telur varnaraðili að barnalegar ásakanir áfrýjanda um ósæmilega háttsemi og hugsanir varnaraðila vera áfrýjanda sjálfum til minnkunar.

Mótmælt er af hálfu varnaraðila að áfrýjanda verði heimilað að leggja fram ný gögn í málinu. Slíkt sé að mati varnaraðila í andstöðu við reglugerð um áfrýjunardómstólinn sbr. 2. mgr. 8. gr. Með vísan til sama ákvæðis er því einnig mótmælt að vitna- og aðilaskýrslur fari fram. Áfrýjandi hafi að engu leyti rökstutt með hvaða hætti svo sérstaklega standi á að réttlæti undantekningu frá meginreglunni um að ný gögn skuli ekki lögð fram og að vitna- og aðilaskýrslur fari ekki fram.

Því er ennfremur mótmælt af hálfu varnaraðila að leitt verði fram sérfræðivitni, t.d. starfandi dómara sem uppfylli skilyrði um að vera alþjóðlegur dómaraleiðbeinandi. Í fyrsta lagi sé hvorki heimild né hefð fyrir því í íslenskum rétti að leiða fram sérfræðivitni. Í öðru lagi myndi slík þátttaka starfandi dómara í ágreiningsmáli milli félaga í deildinni gera viðkomandi vanhæfan til dómgæslu í leikjum þess aðila sem tapar. Ljóst sé að mati varnaraðila að viðkomandi dómari hafi hvorki verið aðili né vitni að því atviki sem um ræðir og því nái ákvæði reglugerða KKÍ um vitni og aðila ekki til hans. Þá snúist kæran um túlkun á ákvæði í reglugerð um körfuknattleiksmót en ekki á leikreglum KKÍ eins og skýrt kemur fram í greinargerð áfrýjanda, sbr. eftirfarandi:

„Eins og fram er komið lýtur mál þetta að túlkun á ákvæðum 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót (hér eftir „reglugerðin“). Nánar tiltekið lýtur mál þetta að því hvort fjórir erlendir leikmenn áfrýjanda teljist hafa verið „á leikvelli“ á sama tíma í skilningi ofangreindrar 15. gr. reglugerðarinnar.“

Þá er því mótmælt af hálfu varnaraðila að markmiðsskýring lagaákvæða sé „gullin regla“ lögskýringa í íslenskum rétti. Lagaákvæði séu fyrst og fremst túlkuð í samræmi við lagatexta þeirra, samkvæmt orðanna hljóðan. Markmiðsskýringar lagaákvæða koma aðeins til skoðunar gefi orðalag ákvæðis tilefni til að efast um efnisinnihald þess.

Að mati varnaraðila er ákvæði 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót einfalt, hlutlægt ákvæði en það þýði að huglæg atriði koma ekki til skoðunar, svo sem ásetningur, gáleysi, tjónsvilji eða tjónshætta. Eins og texti lagaákvæðisins hljóðar sé að mati varnaraðila ekki gerð krafa um að leikklukka hafi gengið til þess að brot á reglunni sé fullframið.

Vísanir til gildandi leikreglna KKÍ í körfuknattleik í kærðu Hauka til aga- og úrskurðarnefndar, sem og í rökstuðningi í úrskurði nefndarinnar hafi einungi verið 15. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót til fyllingar og skýringar. Eingöngu hafi verið vísað til reglna sem beinlínis tengdust því hvort ólöglegir leikmenn hafi sannarlega verið á velli og hvort bolti hafi verið í leik á meðan þeir voru á vellinum.

Öllum vísunum áfrýjanda til leikreglna FIBA á erlendu tungumáli er hafnað af hálfu varnaraðila. Íslenska sé almennt þingmál skv. íslensku réttarfari og m.a. nauðsynlegt að leggja fram þýðingu löggilts skjalapýðanda á skjali á erlendu tungumáli sé tilgangur framlagningar skjals að hafa áhrif á niðurstöðu máls.

Þá mótmælir varnaraðili því að að vísanir áfrýjanda til meðalhófs og meginreglna laga, skráðra og óskráðra, geti haft áhrif á efnisatriði þessa máls eða niðurstöðu þess. Í engu séu færð rök fyrir því með hvaða hætti brotið sé gegn þessum reglum í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Að lokum er því mótmælt af hálfu varnaraðila að viðhorf formanns varnaraðila til 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót, sem komu fram í fjölmiðlum eftir að úrskurður nr. 1/2022-2023 féll, hafi nokkur áhrif á málatilbúnað varnaraðila sem sé að öllu leyti byggður á gildandi laga- og reglugerðarumhverfi KKÍ. Persónulegur vilji formanns Hauka til að breyta gildandi reglum og vilji hans til að leita sátta til framdráttar móður allra íþróttabreyti engu um að varnaraðili geri þá kröfu að starfsemi KKÍ, aðildarfélaga KKÍ og stofnana KKÍ sé að öllu leyti og eingöngu í samræmi við gildandi lög og reglur sem um íþróttina gilda.

#### Hinn kærði úrskurður

Forsendur aga- og úrskurðarnefndar í þessu áfrýjaða máli voru eftirfarandi:

„(i)

*Við meðferð málsins var ekki fallist á kröfu kærða um munnlegan málflutning og vitnafærslur, enda málsatvik í öllum mikilvægum atriðum óumdeild. Í málinu reynir einkum og sér í lagi á skýringu reglna þeirra sem um bikarkeppnisleik gilda.*

(ii)

Í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót segir:

*Í úrvalsdeild karla og kvenna gildir eftirfarandi:*

- *Á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.*
- *Á leikvelli hverju sinni mega mest vera tveir Bosman A leikmenn með erlent vegabréf í hvoru liði, eða mest þrír ef enginn leikmaður utan EES er á leikvelli innan liðs.*

Í 2. mgr. 15. gr. segir að í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gildi sömu reglur og í úrvalsdeild. Þá segir í 6. mgr. 15. gr. að brjóti félag gegn ákvæðum 15. gr. telst félagið hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

*Í 2. mgr. gr. 8.5 í reglugerð um körfuknattleiksmót segir:*

*Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil.*

Þá segir í 3. mgr. gr. 8.5. að sé ólöglegur leikmaður notaður í tveimur efstu deildum karla og kvenna, bikarkeppni meistaraflokka og meistarakeppni á vegum KKÍ sé sektin 250.000 kr.

Í málinu er óumdeilt að leikmennirnir fjórir teljist erlendir leikmenn skv. 1. mgr. 15. gr. Í málinu reynir þar af leiðandi á hvort leikmennirnir fjórir teljist hafa verið „á leikvelli“ á sama tíma í skilningi 15. gr.

(iii)

1. mgr. 15. gr. er skýr og fjallar um fjölda erlendra leikmanna á leikvelli hverju sinni þegar bolti er í leik.

Um það hvenær bolti teljist vera í leik vísar kærandi til gr. 10 í leikreglum FIBA og segir að samkvæmt ákvæðinu sé bolti í leik þegar knöttur er til staðar fyrir leikmann við vítaskot. Dómaranefnd hefur í umsögn sinni til nefndarinnar lagt sömu niðurstöðu til grundvallar og eru umrædd ákvæði rakin nánar að ofan.

Með hliðsjón af gr. 10.3 í leikreglum FIBA má vera ljóst að knötturinn var ekki í leik þegar leikmanni kærða nr. 15 var skipt út af og Adomas Drungilas var skipt inn á. Þegar leikmaður kæranda nr. 5 fékk boltann í hendurnar til að taka fyrra víti sitt var boltinn hins vegar í leik, sbr. 2. mgr. gr. 10.2 í leikreglum FIBA.

(iv)

Lið samanstendur af 12 liðsmönnum, sbr. gr. 4.2.1 í leikreglum FIBA. Í gr. 4.1.3 í leikreglum FIBA er fjallað um flokkun liðsmanna. Þar segir í 1. mgr. að liðsmaður telst vera leikmaður þegar hann er á leikvelli og er heimilt að leika. Liðsmaður telst varamaður þegar hann er ekki á leikvelli en heimilt að leika. Þá telst liðsmaður útilokaður leikmaður þegar hann hefur framið 5 villur og er ekki heimilt að leika.

Í gr. 4.2.3 segir að varamaður verði leikmaður og leikmaður verði varamaður annaðhvort þegar dómari bendir varamanni á að koma inn á leikvöll eða varamaður biður ritara um skiptingu í leikhléum.

Af framangreindu verður lagt til grundvallar að þegar dómarar bentu Adomasi Drungilas að koma inn á leikvöll í stað leikmanns kæranda nr. 15 hafi Adomas orðið leikmaður, sbr. gr. 4.2.3, og því á leikvellingum sbr. gr. 4.1.3.

(v)

Af framangreindu röktu má vera ljóst að í umræddu atviki hafi fjórir erlendir leikmenn verið inn á vellingum og að leikur hafi verið í gangi. Ekki verður fallist á með kærða að hér skipti sköpum hvort leikklokka hafi verið í gangi. Styðst það m.a. við að leikur getur verið í gangi þótt leikklokka sé stopp. Þannig geta leikmenn t.a.m. fengið á sig dæmda villu þó að leikklokka sé ekki í gangi og jafnvel skorað stig, þ.e. úr vítaskoti. Yrði fallist á röksemdir kærða væri vel hægt að hugsa sér aðstæður þar sem ólöglegur leikmaður í skilningi 6. mgr. 15. gr. gæti tekið víti og þannig skorað stig án þess að hann teldist hafa verið inn á leikvellingum. Slík niðurstaða fær ekki staðist.

Þá verður ekki hjá því litið að hending ræður að leikmaður kæranda nr. 5 hitti úr seinna víti sínu. Hefði hann brennt af hefði leikur verið í fullum gangi með alla fjóra erlenda leikmenn inn á vellingum.

Af öllu framangreindu verður lagt til grundvallar að kærði hafi brotið gegn 1. mgr. 15. gr. reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót og teljast leikmennirnir fjórir því hafa verið ólöglegir, sbr. 6. mgr. 15. gr. Skal kærði sæta viðurlögum samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar. Þótt fallast megi á með kæranda að brotið sem um ræðir í þessu máli hafi í engu haft áhrif á leikinn er það tilviljunum háð að svo hafi farið í þessu tilviki, líkt og segir að framan. Þá segir 2. mgr. gr. 8.5 í reglugerðinni að komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur beri félag hans ábyrgð á því. Það er því alfarið á ábyrgð kærða að gæta að leikmenn liðsins séu ekki ólöglegir og gildi þar einu um að dómarar hafi ekki stöðvað skiptinguna eða að ritaraborð hafi ekki

*heimilað að gera aðra skiptingu áður en leikmaður kæranda nr. 5 fékk boltann afhentan fyrir fyrra vítaskot sitt.*

*Verður ekki hjá því komist að úrskurða kæranda sigur í umræddum leik liðanna sbr. 2. mgr. gr. 8.5. Enn fremur, og óháð kröfugerð kæranda, verður ekki hjá því komist að úrskurða kærða til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 250.000 sbr. 3. mgr. gr. 8.5.”*

### **Niðurstaða**

Ekki hefur verið sýnt fram á í þessu máli að til staðar séu sérstakar ástæður sem kalli á nauðsyn þess að gera undantekningu frá ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól varðandi sönnunarfærslu.

Umdeilt ákvæði í þessu máli gefur ekki svigrúm til annarrar túlkunar en komist var að í hinum áfrýjaða úrskurði. Ljóst er að í umræddum leik voru fjórir erlendir leikmenn inn á leikvellinum í skilningi ákvæðisins, enda taldist boltinn vera í leik samkvæmt leikreglum og leikurinn þar af leiðandi í gangi. Var því brotið gegn ákvæðinu. Skiptir engu við heimfærslu ákvæðisins hvort slík viðvera hafi haft áhrif á leikinn eða ekki. Félög í bikarkeppnum, sem og í úrvalsdeild karla og kvenna, bera ábyrgð á því að hlíta ákvæðinu. Brot á því leiða sjálfkrafa til viðurlaga.

Áfrýjunardómstóll bendir jafnframt á að KKÍ getur í sambærilegum málum beitt sektarákvæðum og breytt úrslitum leikja þegar upp kemst um brot á títtnefndu ákvæði án aðkomu sjálfstæðra úrskurðaraðila, sbr. gr. 8.5. í reglugerð um körfuknattleiksmót. Hafa aðilar sem slík viðurlög beinast að þá heimild til að kæra slíka ákvörðun, sbr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd og eftir atvikum 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.

Með vísan til framangreinds og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar er niðurstaða hans staðfest.

### **ÚRSKURÐARORÐ**

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í kærumáli nr. 1/2022-2023 frá 15. nóvember 2022 er staðfestur.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson  
formaður

Ingimar Ingason

Bryndís Gunnlaugsdóttir



Dómurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Dóminn skal í kjölfarið birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.

Dómur áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild, sbr. 6. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.